

# Óvissa um hvalveiðar vegna lagafrumvarps

● Margir falast eftir vinnu í Hvalstöðinni en ekki hægt að gefa ákveðin svör

## FRÉTTASKÝRING

Agúst Ingi Jónsson  
ajj@mbli.is



Forráðamenn Hvals hf. sjá öll tormerki á að skipuleggja veiðar og vinnslu sumarsins vegna frumvarps um hvalveiðar sem liggur fyrir Alþingi. Verði frumvarpið að lögum á næstunni fer í gang ferli umsagna og ákvarðanatöku, sem Kristján Loftsson, framkvæmdastjóri Hvals, segir aðspurður að geti tekið um tvo mánuði með frátöfum frá veiðum í jafnlangan tíma.

Pá yrði lítið eftir af sumrinu og hann hefur því ekki enn sem komið er gefið endanleg svör um sumarvinnu við hvalinn. Til stóð að ráða um 150 manns og látaust er hringt af fólki sem falast eftir vinnu. „Staðan er hins vegar svo óljós að ég get ekki gefið fólki ákveðin svör og hef frestað því að setja skipin í slipp,“ segir Kristján.

Frumvarpið kom inn í þingið um 20. apríl og segir Kristján að það hafi komið löngu eftir að frestur til að skila inn frumvörpum hafi verið liðinn. Frumvörp eigi að vera komin inn fyrir 1. apríl og því sé um klárt brot á þingsköpum að ræða. Mælt hafi verið fyrir því 26. apríl. Þingstjórnir séu í gangi þessa viku og umsögnum um frumvarpið eigi að skila í síðasta lagi á föstudag, 14. maí. Í næstu viku séu áætlaðir þingfundir í tvo daga og nefndarfundir í aðra tvo. Þingið fari í frí vegna hvítasunnu og sveitarstjórnarkosninga, en þingið starfi síðan til 15. júní.

## Mikil kerfisvinna

„Ef við færum út 7. eða 8. júní og þingið samþykkti þessi lög í þeirri viku værum við þar með búnir að missa öll okkar leyfi og yrðum að halda til hafnar,“ segir Kristján. „Þá færi í gang mikil kerfisvinna og ferli sem tæki varla minna en tvo mánuði. Það hefur lítið upp á sig að ráða 150 manns í vinnu meðan allt er í uppnámi og þessi óvissa hangandi yfir.“

Hvalur hf. fékk leyfi til hvalveiða fyrst árið 1947 og síðan ótímabundið leyfi árið 1959. Nú er hins vegar hugmyndin að gefa út hvalveiðileyfi til tveggja ára í senn. Þáverandi sjávarútvegsráðherra, Einar K. Guðfinnsson, gaf á sínum tíma út kvóta til fimm ára, árin 2009-2013, og var kvót-



Morgunblaðið/PÓK

## FRUMVARP TIL LAGA UM HVALI

### Leyfi til tveggja ára í senn ...

Úr 6. grein. Hafrannsóknastofnunin gerir, á grundvelli sjálfbærrar nýtingar, tillögur til ráðherra um veiðipól nýttahvala til tveggja ára í senn. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar skulu liggja fyrir eigi síðar en í júní annað hvert ár vegna tveggja næstu almanaksára. Ráðherra skal, áður en hann tekur ákvörðun um fyrirkomulag hvalveiða kynna tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar og forsendur þeirra og veita þeim sem vilja koma athugasemdum sínum á framfæri við ráðherra mánaðarfrest til þess. Að þeim fresti liðnum ákveður ráðherra með reglugerð hvaða tegundir hvala skuli leyft að veiða á tilteknu veiðitímabili og hve marga hvali af hverri tegund ...

Úr 8. grein. Fiskistofa annast útgáfu leyfa til hvalveiða. Þegar fyrir liggja ákvarðanir ráðherra um fyrirkomulag hvalveiða, sbr. 6.-7. gr., kynnir Fiskistofa þær reglur og auglýsir síðan eftir umsóknum um veiðileyfi ... Leyfi til hvalveiða eru gefin út til tveggja ára í senn ...

Úr 19. grein. Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma lög nr. 26/1949, um hvalveiðar. Þá falla einnig úr gildi frá sama tíma öll leyfi sem hafa verið gefin út á grundvelli laga nr. 26/1949, um hvalveiðar.



inn ákveðinn 150 dýr á ári í samræmi við tillögur Hafrannsóknastofnunar. Hvalur hf. hefði mátt veiða 175 hvali í ár, en heimilt er að geyma 20% kvótans á milli ára.

## Erfitt umhverfi

„Samkvæmt þessu frumvarpi ætla þeir að gefa út leyfi til hvalveiða til tveggja ára í senn og fella úr gildi gamla leyfið okkar,“ segir Kristján. „Það er allt annað en almennt gerist í sjávarútvegi, þar sem fyrirtæki hafa veiðileyfi og síðan afnotarétt af hlutdeild í heildarkvótanum. Menn vita því nokkurn veginn að hverju þeir ganga á hverju ári. Í okkar tilviki á að ráðskast með þetta annað hvert ár og ættu flestir að sjá að mjög erfitt er að vinna í slíku umhverfi.“

Mér sýnist að stjórnarflokkarnir báðir séu að æfa sig á okkur með þessu og síðan ætli þeir að koma þessu fyrirkomulagi yfir á sjávarútveginum í heild sinni, því þeir sjá að þessi fyrningarleið þeirra gengur ekki upp. Þetta er eilíf ráðstjórn og skólalabókardæmi um þessa finu stjórnsýslu sem þetta lið er alltaf að mala um. Á sama tíma er allt á leið í kaldakól í atvinnulífinu,“ segir Kristján Loftsson.